



## Samgöngunefnd Alþingis

20. janúar 2010

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS)  
um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna,  
244. mál

Landssamband smábátæigenda er andvígnt frumvarpinu og mótmælir harðlega megin-  
efni þess, að skylt verði að lögskrá áhafnir smábáta allt niður í einmenningssjósókn.

Það fyrirkomulag sem smábátæigendur búa við í dag til að tryggja eftirlit með slysa- og  
líftryggingu áhafnar hefur í alla staði reynst vel og því ekki ástæða til breytinga þar á.

LS furðar sig á að enn einu sinni skuli vera gerð krafa um lögskráningu á báta sem  
tilheyra félaginu. LS hefur margsinis mótmælt þeim áformum og ítrekar þau hér með.

LS bendir á að tiltölulega skammt er frá því lögum um lögskráningu var breytt. Við  
vinnslu frumvarps þar um skipaði þv. samgönguráðherra starfshóp til að fjalla um þá  
hópa sem stæðu utan lögskráningar. Starfshópurinn laut forystu Helga Jóhannessonar  
þá starfandi í samgönguráðuneytinu, nú forstöðumanns stjórnslusviðs  
Siglingastofnunar. Í álitum sem hópurinn skilaði af sér 14. mars 2001 var full samstaða  
um að ekki stæðu efni til að kveða á um lögskráningarskyldu allra skipa heldur að miða  
við 20 brúttótonn og stærri. Í álitum starfshópsins segir eftirfarandi:

„Það er samdóma mat hópsins að efni þyki ekki standa til þess að  
kveða á um lögskráningarskyldu allra skipa heldur verði miðað við  
skip 20 brúttótonn og stærri í því efni. Fjöldi skipa undir 20  
brúttótonnum er mjög mikill, sjósókn þeirra er óregluleg og verulegt  
óhagræði og kostnaður myndi fylgja því að leggja slíka skyldu á  
útgerðarmenn eða skipstjóra þeirra skipa. Til þess að tryggja að  
áhafnir þessara skipa séu tryggðar með sama hætti og áhafnir skipa  
sem skylt er að lögskrá á gerir hópurinn tillögu um breytingu á  
siglingalögum, nr. 34/1985, sem kveður á um að útgerðarmanni sé  
skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum sem á hann  
kunna að falla skv. 1. mgr. 171. gr. siglingalaga. Jafnframt er lagt til að  
gerðar verði breytingar á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993,  
og kveðið á um að skip minni en 20 brúttótonn fái ekki útgefið  
haffærisskrteini nema að fyrir liggja yfirlýsing tryggingafélags um  
áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga.“

Þær lagabreytingar sem hópurinn lagði til hafa allar gengið eftir og framkvæmd þeirra  
fyrir skip minni en 20 brúttótonn að öllu leyti skilað því sem til var ætlast.

110 ár eru liðin frá því að farið var að lögskrá sjómenn. Fyrir tæpum 80 árum var tekin upp sú framkvæmd sem nú ríkir. LS telur af þessum sökum sérstaka ástæðu til að vekja athygli á að gríðarlegar framfarir hafa orðið í öryggis-, fjarskipta- og menntunarmálum sjófarenda. Allt eftirlit hefur tekið stórstígum framförum, hver hreyfing er vöktuð af opinberum stofnunum. Ströng viðurlög gilda ef vikið er frá reglum, má þar nefna sviptingu haffæriskirteinis. Öll skip eru skoðuð árlega og mikill metnaður áhafnar að allt sé í stakasta lagi. Skipverjar eru þrautþjálfaðir í að tryggja öryggi sitt sem best og í viðbrögðum við erfiðum aðstæðum sem upp geta komið. Það sem hér er nefnt auk stöðugs áróðurs um bætt öryggi sjófarenda hefur á undanförunum árum skipað íslenskum sjófarendum í fremstu röð varðandi lága tíðni sjóslysa.

Að framansögðu er einnig ljóst að þau markmið sem frumvarpinu er ætlað að ná, sbr. 1. gr., þess eru ekki síður tryggð með í því eftirlits-, vöktunar- og reglugerðarumhverfi sem í gildi er.


LS ítrekar þá skoðun sína að lögskráningarskylda á ekkert erindi til minni báta og telur það íhugunarefni að hvort ekki eigi að færa mörkin ofar en kveðið er á um í gildandi lögum eða yfir höfuð að lögskráning sjómanna sé ekki orðið úrelt fyrirbrigði.

LS vekur athygli á að verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir smábátaeigendur sem ekki er verjandi að leggja á við ríkjandi þjóðfélagsaðstæður.

Að lokum er vakin athygli samgöngunefndar á að í athugasemdum við lagafrumvarpið er þess getið að það hafi verið unnið í samráði við hagsmunaaðila. Þar sem frumvarpinu er ætlað að ná til smábáta telst LS vera hagsmunaaðili þessa málefnis. Það tilkynnist hér með að samráð sem þarna er minnst á náði ekki til Landssambands smábátæigenda.

Að lokum telur LS það íhugunarefni fyrir fulltrúa Alþingis í samgöngunefnd að ekki er minnst einu orði á lokamálslið 4. tl. 5. gr. í athugasemdum við frumvarpið. Hann fjallar um ríkisábyrgð á vanrækslu útgerðarmanns við að líf- og slysatryggja áhöfn. Kostnaður sem hlýst af fyrirhugðum breytingum gæti því orðið töluvert meiri en fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

**Virðingarfyllst**



Örn Pálsson framkvæmdastjóri  
Landssambands smábátæigenda